




Faghópur 3

Minnisblað

Nokkur atriði í umræðuna á 3. fundi

Verkefni faghóps 3 er að meta áhrif á þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun eða með öðrum orðum að meta hvaða áhrif það hefur á aðra atvinnustarfsemi að nýta virkjunarkostina (ath. að verndun er eitt form nýtingar). Einnig langtímaáhrif nýtingar á efnahag, atvinnulíf og byggðapróun. Auk faghóps 3 eru starfandi þrjú aðrir faghópar. **Faghópur 1** metur áhrif á **náttúrufar og minjar** (ss. áhrif á landslag, jarðmyndanir, gróður, dýralíf og minjar). **Faghópur 2** metur áhrif á **ferðaþjónustu útivist og hlunnindi** (ss. áhrif á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað, landgræðslu, skógrækt, lax- og silungsveiðar og skotveiðar). **Faghópur 4** metur áhrif á **orkulindir** (ss. skilgreinir þá kosti sem fyrir hendi kunna að vera til að nýta vatnsorku og jarðhita til raforkuvinnslu, metur afl, orkugetu og líklegan orkukostnað hvers þeirra of forgangsraðar eftir hagkvæmni). Af þessu má sjá að niðurstöður annarra faghópa hafa beina þýðingu fyrir vinnu faghóps 3 en einnig að niðurstöður faghóps 3 hafa þýðingu fyrir faghóp 2 en síður aðra hópa.



Viðfangsefni faghóps 3 er einnig að því leyti frábrugðið viðfangsefni annarra faghópa að það sem hópnum er ætlað að meta er hvorki meira né minna en það sem hlýtur að vera markmið með virkjunarframkvæmdum – að hafa áhrif á þjóðarhag. Markmið með virkjunum er tæplega að hafa áhrif á náttúrufar og minjar eða orkulindir. Hvað varðar viðfangsefni faghóps 2 er ef til vill hægt að líta svo á að þar sé um að ræða hlutmengi í viðfangsefni faghóps 3 sem þar sé til nánari skoðunar en unnt er að gera þegar sjónarhornið er jafnt almennt og ætla má að faghópur 3 verði að hafa. Tæplega hefur það verið ætlunin að faghópur 2 horfði framhjá því að ferðaþjónusta er atvinnugrein svo dæmi sé tekið. Með hliðsjón af því að viðfangsefni faghóps 3 er bæði almennt og í raun umfangsmikið skiptir miklu fyrir niðurstöðuna hvernig hópurnir skilgreinir viðfangsefni sitt. Í framhaldi af umræðunni innan hópsins við upphaf vinnunnar (á fyrstu tveimur fundunum) má draga fram nokkra þætti sem ætla má að geti rammað inn vinnu hópsins.

Hverskonar mat? Í stórum dráttum eru þau áhrif sem faghópi 3 er ætlað að meta af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða áhrif á efnahagsgerð og hins vegar á félagsgerð samfélagsins. Undir hvorn þessara þátta falla svo undirþættir.

Áhrifasvæði. Mikilvægt er að gera greinarmun á áhrifasvæði framkvæmda annars vegar þegar metin eru áhrif á náttúrufarslegt umhverfi og hins vegar þegar metin eru áhrif á félagslegt umhverfi. Í báðum tilvikum skiptir fjarlægð máli og taðsetning mannvirkja hefur augljóslega talsverð áhrif á hvar og með hvaða hætti áhrifa gætir af virkjunum. Hins vegar getur einnig skipt miklu hvaðan þeir aðilar sem annast tiltekna verkþætti koma og hvar starfsmenn eru búsettir.

Afmörkun í tíma. Gera þarf greinarmun á áhrifum annars vegar á framkvæmdatíma og hins vegar á rekstrartíma. Almennt eru það áhrif á rekstrartíma sem að er stefnt með virkjunum.

Áhrifaþættir. Þrátt fyrir að unnt sé að greina áhrif af virkjunum víða í samfélaginu er þó ljóst að tiltekin svið þess verða fyrir áhrifum umfram önnur. Þessi áhrif eru háð nálægð við virkjanir í tvennum skilningi. Annars vegar eru áhrifin merkjanleg vegna landfræðilegrar nálægðar. Þessi áhrif skapast svo annars vegar við rekstur viðkomandi virkjunar og hins vegar við notkun orkunnar. Hins vegar er um að ræða félagslega nálægð sem ræðst af því í hversu miklum samskiptum viðkomandi eru við þá sem starfa í virkjun eða afleiddum störfum. Erfitt er að kortleggja þessi áhrif fyrirfram með nákvæmum hætti. Við umhverfismat framkvæmda hefur mat á samfélagsáhrifum einkum verið miðað við að skoða eftirtalda þætti: 1) Efnahag og möguleika fólks til að afla sér tekna, 2) vinnumarkað, 3) mannfjölda og búsetuþróun, 4) starfsemi sveitarfélaga og þjónustu þeirra, 5) húsnæðismál, 6) þjónustu almennt, 7) opinbera þjónustu, 8) nýtingu lands og auðlinda, 9) ferðaþjónustu, og 10) Lífsstíl fólks.

Óvísindalegur listi um mögulega þætti sem gæti þurft að skoða:

Íbúafjöldi

Samsetning íbúafjölda

Samfélagsheildir (atvinnu- og búsvæði)

Velta fyrirtækja

Virðisauki

Margfeldisáhrif

Hljóðvist

Loftgæði

Þjónusta ríkisvaldsins

Þjónusta sveitarfélaga

Þjónusta fyrirtækja

Fjölbreytni starfa

Hreyfanleiki á vinnumarkaði

Atvinnuleysi

Launatekjur

Menntun

Útivist

Nýting og verð fasteigna

Afhendingaröryggi raforku

Félagslegur auður

Annað:

Væntingar. Rannsóknir á Austurlandi sýna að væntingar fólks um framtíðaruppbyggingu hafa áhrif og þeim mun meiri sem fólk telur líklegra að af uppbyggingunni verði. Virkjanir geta þannig haft áhrif á samfélag og efnahag án þess að ráðist sé í framkvæmdirnar. Því má velja því upp hvort ekki er rétt að taka mið af því við mat á virkjunarkostum hvort og að hve miklu leyti viðkomandi kostir hafa verið í umræðunni (MAT: Virkjunarsaga).